

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
Stjórn málafræðideild

Samstarfsaðilar um námið eru Stjórn málafræðideild, Hjúkrunarfræðideild og Viðskiptadeild.

Samráðshóp þeirra skipa fulltrúar Heilbrigðisráðuneytis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landlæknisembættis, Landsspítala, Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Landsamtaka heilbrigðisstofnana.

Diplóma í opinberri stjórn sýslu
fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

*Executive diploma in public administration
for health administrators*



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Stjórn málafræðideild

Áhugaverður valkostur fyrir núverandi og verðandi stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Breyttar aðstæður í íslensku samfélagi hafa aukið kröfur til stofnana samfélagsins um skilvirkni, markvissa nýtingu mannaúts, aukin gæði þjónustu með lægri tilkostnaði og vandaða málsmeðferð. Það á við um stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, sem eru í forystu við innleiðingu nýjunga í þjónustu við skjólstæðinga sína um leið og þeir þurfa að mæta kröfum um árangursríkar starfsaðferðir í rekstri og stjórnun heilbrigðisstofnana.

Stjórnendur á heilbrigðisstofnunum hafa velflestir að baki langan námsferil og reynslu á sínu sérsviði t.d. í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun og lyfjafræði svo fátt eitt sé nefnt. Margir þeirra hafa áhuga á tækifærum til að efla stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem hluta af opinberum rekstri.

Stjórn málafræðideild, Hjúkrunarfræðideild og Viðskiptafræðideild hafa nú endurskipulagt Diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, sem Stjórn málafræðideild hefur boðið frá árinu 2010. Námið er þverfaglegt og ætlað stjórnendum í heilbrigðisþjónustu, sem hafa eða vilja undirbúa sig undir það að hafa mannaforráð og rekstrarábyrgð. Markmið námsins er að efla nemendur sem stjórnendur með sérstakri áherslu á viðfangsefni og aðstæður stjórnenda í heilbrigðisþjónustu.

Námið er hluti af meistaranámsframboði Stjórn málafræðideildar. Það er þverfaglegt og lýkur með diplómaprófi. Inntöskuskilyrði eru BA- eða BS-próf eða sambærilegt próf. Ekki er gerð krafa um fyrstu einkunn en kjósi nemendur að halda áfram og ljúka MPA-prófi, verða þeir að ná fyrstu einkunn að meðaltali úr diplómanáminu.

Stjórn málafræðideild metur allt námið inn hjá sér, kjósi nemandi að halda áfram og uppfylli skilyrði um inngöngu. Í Hjúkrunarfræðideild og Viðskiptafræðideild eru margar ólíkar meistaranámslínur og verða umsóknir um mat á námskeiðum metnar hjá þeim deildum með hliðsjón af þeim.

Engin skólagjöld eru í Háskóla Íslands en væntanlegir nemendur greiða skráningargjald, kr. 75.000,- fyrir háskólaárið 2020–2021. Sækja má um styrki til starfsmenntasjóða fyrir þeim kostnaði að hluta eða öllu leyti, eftir því sem reglur segja til um.

Umsóknarfrestir 5. júní fyrir þá sem vilja hefja nám á haustmisseri og 30. nóvember fyrir þá sem vilja hefja nám um áramót.

Nánari upplýsingar veita Elva Ellertsdóttir, elva@hi.is, síma 525 4573 og Margrét S. Björnsdóttir, msb@hi.is, sími 525 4254.

Verkefnisstjórn Diplómanámsins

Stjórn málafræðideild, Hjúkrunarfræðideild og Viðskiptafræðideild tilnefna fulltrúa í stjórn námsins. Hópurinn verður þannig skipaður árin 2018–2020: Dr. Ásta Dís Óladóttir lektor og Dr. Sigrún Gunnarsdóttir dósent frá Viðskiptafræðideild, Dr. Helga Bragadóttir prófessor frá Hjúkrunarfræðideild og þær Margrét S. Björnsdóttir verkefnastjóri og Elva Ellertsdóttir deildarstjóri frá Stjórn málafræðideild. Verkefni hópsins er að fylgjast með framvindu námsins og endurskoða samsetningu þess, ef þörf er á og gera um það tillögur.



Samráðshópur fundar um Diplómanámið

Fyrsti samráðsfundur verkefnisstjórnar var haldinn þann 3. apríl 2019 og er myndin tekin við það tækifæri. Á myndinni eru frá vinstri Margrét S. Björnsdóttir verkefnastjóri, Alma Möller landlæknir, Ásta Dís Óladóttir lektor, Sigrún Gunnarsdóttir dósent, Anna Sigrún Baldursdóttir aðstoðarmaður forstjóra LSH, Helga Bragadóttir prófessor og Eybjörg Hauksdóttir fulltrúi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Með á SKYPE var Guðný Friðriksdóttir fulltrúi Landsamtaka heilbrigðisstofnana. Auk þeirra sitja í samráðshópnum þau Elsa Friðfinnsdóttir frá Heilbrigðisráðuneyti og Óskar Reykdalsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Á fundinum kom fram mikill áhugi á að efla námið, bæta það enn frekar með auknu vali og námsþáttum um stjórnun umbóta, gerð rekstraráætla, fjármögnun og mismunandi rekstrarform í heilbrigðisþjónustu.

Diplóma í opinberri stjórnarsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Executive diploma in public administration for health administrators

Markhópur

Námið er ætlað stjórnendum í heilbrigðisþjónustu sem hafa mannaforráð og/eða umtalsverða rekstrarábyrgð svo og þeim sem hafa hug á að hasla sér völl á þeim vettvangi. Inntökuskilyrði eru BA/BS eða B.Ed-próf eða sambærilegt.

Markmið námsins

Markmið námsins er að efla nemendur sem stjórnendur með sérstakri áherslu á viðfangsefni stjórnenda í heilbrigðisþjónustu m.a. þann lagaramma sem hún starfar eftir. Valin hafa verið saman námskeið úr fjórum deildum HÍ sem mynda gagnlega heild fyrir þá sem starfa á þessu sviði eða hafa áform um slíkt. Skyldunámskeiðin (18 einingar) lúta að umgjörð og lagaramma opinbers rekstrar og fjalla um rekstur í heilbrigðisþjónustu. Í valnámskeiðum (samþals 12 einingar) má velja á milli námskeiða um stjórnun í heilbrigðisþjónustu, forystu, velliðan og starfsumhverfi, mannauðsstjórnun, þekkingarstjórnun, nýtingu gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu.

Umfang, fjarnám og tímasetningar

Námið er 30 eininga nám á meistarastigi, sem samsvarar misserislöngu námi, en getur tekið heilt ár samhliða starfi. Náminu lýkur með diplómaprófi í opinberri stjórnarsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Hægt er að hefja námið hvort sem er að hausti eða um áramót.

Námskeiðin í Stjórn málafræðideild má taka í fjarnámi. Í námskeiðunum Rekstur og heilbrigðisþjónusta (skylda) og Velliðan, starfsumhverfi og forysta (bundið val) er ekki um fjarkennslu að ræða, en vegna þátttakenda utan af landi verða fyrirlestrarir teknir upp og settir á vefinn, því er mögulegt að taka þau námskeið án þess að mæta í tíma, þó eindregið sé mælt með mætingu. Námskeiðin Stjórnun í heilbrigðisþjónustu og Forysta í heilbrigðisþjónustu (bundið val) eru kennd í lotum á vormisseri: Hálfur dagur 1x í mánuði og þrjár og hálfur dagur í maí. Þetta gerir mætingu auðveldari fyrir fólk utan af landi.

Nemendur athugi að námskeiðin í Viðskiptafræðideild eru kennd í lotum. Þar taka nemendur almennt tvö 7,5 eininga námskeið í hverri lotu og eru fjórar lotur á hverju misseri. Nánari upplýsingar fást hjá Viðskiptafræðideild. Námskeiðin tvö á vegum Hjúkrunarfræðideildar sem kennd eru í samstarfi við University of Minnesota, eru haldin til skiptis á vormisserum. Nánari upplýsingar fást hjá Hjúkrunarfræðideild.

Fjölbreyttur og reynslumikill hópur

Diplómanámið er þverfaglegt nám á meistarastigi og er það samsett úr námskeiðum úr fjórum ólíkum deildum. Nemendur fá því tækifæri að kynnast fólki með ólíka menntun og starfsreynslu sem á það sameiginlegt að vilja efla fræðilega og hagnýta þekkingu sína á sviði stjórnunar. Nemendur hafa starfað á ólíkum sviðum: í heilbrigðisþjónustu, í ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum. Auk nemenda sem koma beint úr BA eða BS-námi. Með virkri þátttöku í kennslustundum og hópastarfi miðla nemendur reynslu sinni og tengja hana umfjöllun námskeiða. Slíkt gefur náminu aukið gildi og eykur möguleika nemenda á að kynnast viðfangsverkefnum stjórnenda á öðrum starfssviðum.

Öflugir kennarar

Kennarar, sem koma úr röðum fastra kennara Stjórn málafræðideildar, Viðskiptafræðideildar og Hjúkrunarfræðideildar eru fræðimenn sem stundað hafa rannsóknir á sínum sérsviðum t.d. á sviði opinberra stjórnarsýslu, stjórnunar og rekstrar og þáttum í heilbrigðisþjónustu, auk fjölbreyttrar starfsreynslu. Þeir hafa lokið prófum frá virtum erlendum háskólum og eru eftirsóttir álitsgjafar stjórnvalda. Við námið starfar einnig stór hópur stundakennara sem hafa fjölbreytta reynslu og þekkingu á sérsviðum sínum og búa margir þeirra yfir yfirgripsmikilli hagnýtri reynslu sem nýtist nemendum vel.

„Það er skemmtilegt og þroskandi að setjast aftur á skólabeck og bæta við sig þekkingu og færni, ekki síst þegar námið tengist daglegu starfi. Diplómanámið samanstendur af fjölbreyttu og áhugaverðu efni, fræðilegu og hagnýtu. Í heildina er ég mjög ánægð með námskeiðin sem ég tók og hef m.a. fengið aukna yfirsýn yfir heilbrigðisferfið í heild – lagalegt umhverfi, kosti, galla og möguleika. Sérstaklega var dýrmætt að kynnast mismunandi kenningum og hugmyndum um stjórnun og aðferðir til að bæta gæði og auka árangur í starfi. Námið hefur þegar nýst mér beint og ég er ekki í vafa um að svo verður áfram.“



Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur og forstöðumaður þroska- og hegðunarstöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Lýkur diplóma í opinberri stjórnarsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu 2018.

Diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu



Samsetning námsins

Diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu er sérstaklega skipulögð áherslulína í opinberri stjórnsýslu innan Stjórnmálafræðideildar.

Námslínan er þverfaglegt samstarfsverkefni deildarinnar og Hjúkrunarfræðideildar og Viðskiptafræðideildar. Valin hafa verið saman námskeið úr fjórum deildum HÍ sem mynda gagnlega heild fyrir þá sem starfa á þessu sviði eða hafa áform um slíkt. Skyldunámskeiðin (18 einingar) lúta að umgjörð og lagaramma opinbers rekstrar, auk lykilkáttanna í rekstri í heilbrigðisþjónustu. Í valnámskeiðum (samtals 12 einingar) má velja á milli námskeiða um stjórnun í heilbrigðisþjónustu, forystu, velliðan og starfsumhverfi, mannauðsstjórnun, þekkingarstjórnun, nýtingu gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu, skipulag og stjórnun, stefnubreytingar, nýsköpun og tengslanet í opinberri stjórnsýslu og lýðheilsu. Sjá lýsingar allra námskeiðanna hér fyrir aftan og í kennsluskrá: <https://bit.ly/2RjkLYV>

Uppbygging námsins

Skyldunámskeið 18e

- OSS111F** Opinber stjórnsýsla (6e)
- OSS204F** Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e)
- HJÚ142F** Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e)

Bundið val 6e, nemendur velja eitt af eftirfarandi námskeiðum:

- VIÐ175F** Velliðan, starfsumhverfi og forysta (7,5e)
- HJÚ259F** Stjórnun í heilbrigðisþjónustu (6e)
- HJÚ258F** Forysta í heilbrigðisþjónustu (6e)
- OSS202F** Skipulag og stjórnun stofnana (6e)

Frjálst val 6e, nemendur velja eitt af eftirfarandi námskeiðum:

- OSS102F** Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e)
- VIÐ164F** Þekkingarstjórnun (7,5e)
- HJÚ149F** Nýting gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu (6e)
- OSS223F** Forysta og breytingastjórnun (6e)
- LÝÐ101F** Lýðheilsa: Vísindi, stjórnmál, forvarnir (6e)
- OSS220F** Stefnubreytingar, nýsköpun og tengslanet í opinberri stjórnsýslu: Helstu kenningar (6e)

„Mér þótti námið vel skipulegt og þættir í því afar athyglisverðir, forvitnilegir og upplýsandi. Ekki síst var samtalið milli nema og kennara bráðskemmtilegt en nemarnir voru margir með mikla reynslu í heilbrigðisþjónustu eða opinberri stjórnsýslu. Það er ekki vafi í mínum huga að námið mun nýtast mér vel í starfi.“

Kristján Guðmundsson, heimilislæknir. Lauk diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu vor 2013.



„Það kom mér á óvart hversu hagnýtt námið reyndist fyrir mig í daglegu starfi sem deildarstjóri á bráðalyflækningadeild á Landspítalanum. Námið eflði mig sem stjórnanda og jók skilning minn á þeim kröfum sem gerðar eru til mín í starfi.“

Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, deildarstjóri hjúkrunar Landspítala Háskólasjúkrahús. Lauk diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu 2012.



Skyldunámskeið (18e)

OSS111F Opinber stjórnýsla (6e) – Haust

Kennari: Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent

Í námskeiðinu fá nemendur heildaryfirsýn yfir skipulag og þróun opinberra stjórnýsly. Fjallað er um megineinkenni opinberra stjórnýsly á Íslandi, þar á meðal grundvöll hennar og helstu mótunarþætti. Kynntar eru helstu kenningar um skipulagsheildir, valddreifingu og ákvörðunartöku í opinberri stjórnýsly og lýst þróun stjórnýslyfræðinnar sem fræðigreinar. Athyglinni er sérstaklega beint að tengslum milli opinberra stjórnýsly og stjórn mála.

Aðeins kennt með fjarnámssniði, en sem krefst reglulegrar virkni nemenda.

OSS204F Stjórnýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e) – Vor

Kennari: Trausti Fannar Valsson, dósent í Lagadeild

Fjallað verður m.a. um uppbyggingu stjórnýslukerfisins, þar á meðal stöðu sveitastjórna í stjórnýslukerfinu, þær reglur sem gilda um meðferð stjórnýslumála hjá stjórnvöldum, bæði ríkis og sveitarfélaga, um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum, þagnarskyldu starfsmanna stjórnýslunnar, um rafræna stjórnýsly, svo og um þá grundvallarreglu að stjórnýslan er lögbundin. Fjallað verður um lögætisregluna og heimild stjórnvalda til töku þjónustugjalda. Þá verður fjallað um þær leiðir sem færar eru fyrir aðila til þess að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða. Námskeiðið er einkum ætlað þeim, sem koma til með að vinna hjá ríki eða sveitarfélögum, eða þurfa að hafa í starfi sínu samskipti við stjórnvöld.

HJÚ142F Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e) – Haust

Umsjónarkennari: Bolli Héðinsson, stundakennari

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í fræðilega nálgun ýmissa hagræna þátta sem hafa áhrif á starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustu. Þessir þættir eru óumflýjanlegir í öllum rekstri stórum og smáum, hvort sem er opinber rekstur eða einkarekstur. Í námskeiðinu er farið yfir það með hvaða hætti þættirnir birtast og hvernig hægt er að hafa áhrif á þá rekstrinum til góða. Meðal hugtaka sem farið verður yfir: Framboð, eftirspurn, framleiðsluþættir, teygni. Breytilegur-, fastur-, beinn- og óbeinn kostnaður. Áhrif skattheimtu og utanaðkomandi áhrif. Einkagæði og sameiginleg gæði. Viðskipti og hlutfallslegir yfirburðir. Hringrás efnahagslífsins. Framfærslukostnaður, vísitölur og þjóðhagsreikningar. Fjárhagsbókhald, rekstrar- og efnahagsreikningar. Rekstrarbókhald, mismunandi rekstrargreiningar.

Bundið val (6e)

Nemendur velja eitt námskeið úr bundnu vali

VIÐ175F Velliðan, starfsumhverfi og forysta (7.5e) – Haust síðari lota

Kennari: Sigrún Gunnarsdóttir dósent

Stjórnendur og leiðtogar leggja æ meiri áherslu á heilbriggt starfsumhverfi, sem tengist bæði velliðan starfsfólks og árangri. Í þessu námskeiði verður fjallað um nýja þekkingu um heilbriggt starfsumhverfi og rýnt í samspil starfsumhverfis, forystu, heilsu og líðan starfsfólks. Markmiðið er, að nemendur kunni skil á áhrifaþáttum heilbrigðis í starfi, þekki helstu kenningar í þessu samhengi, fái innsýn í tengsl starfsumhverfis, forystu og heilbrigðis og nýjar rannsóknir á sviðinu. Fjallað verður um heilsueflandi forystu og forvarnir kulnunar. Nemendur rýna í raunveruleg dæmi og setja fram áætlun um leiðir til að þróa og styrkja heilbriggt starfsumhverfi með áherslu á sameiginlega ábyrgð leiðtoga og starfsfólks.

HJÚ258F Forysta í heilbrigðisþjónustu (6e) – Vor

Umsjónarkennari: Helga Bragadóttir, prófessor

Kennt annað hvert ár, oddatöluár

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem gerir auknar kröfur til hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstarfsmanna um færni í leiðtogahlutverkinu, hvort heldur er í klínisku starfi, við stjórnun eða kennslu. Námskeiðinu er ætlað að búa nemendur undir forystuhlutverk í starfi. Fjallað verður um ýmis hugtök, kenningar og hugmyndafræði forystu almennt. Enn fremur verður fjallað um hlutverk og hegðun leiðtoga og hlutverk leiðtoga í breytingaferlinu. Fjallað verður um forystuhlutverk hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta innan heilbrigðisstofnana og í samfélaginu, staðbundið og í alþjóðlegu samhengi, nú og til framtíðar. Lögð er áhersla á hnattræna framtíðarsýn og frumkvöðlahugsun. Námskeiðið er kennt í samstarfi við University of Minnesota School of Nursing í Bandaríkjunum. Sveigjanlegt nám með staðlotum og vefkennslu.

HJÚ259F Stjórnun í heilbrigðisþjónustu (6e) – Vor

Umsjónarkennari: Helga Bragadóttir, prófessor.

Kennt annað hvert ár, á sléttu töluári

Í námskeiðinu öðlast nemandi þekkingu, skilning og færni í stjórnun í heilbrigðisþjónustu með áherslu á hlutverk stjórnenda, mannauðsstjórnun, teymisvinnu, vinnuumhverfi, þjónustu við sjúklinga, gæði og öryggi. Leitast er við að taka fyrir hagnýt viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi í nútíð og framtíð og þannig efla fræðilega og hagnýta hæfni nemandans. Námskeiðið er kennt í samstarfi við University of Minnesota School of Nursing í Bandaríkjunum. Sveigjanlegt nám með staðlotum og vefkennslu.

Umsóknarfrestir 5. júní fyrir þá sem vilja hefja nám á haustmisseri og 30. nóvember fyrir þá sem vilja hefja nám um áramót.

Nánari upplýsingar veita Elva Ellertsdóttir, elva@hi.is, síma 525 4573 og Margrét S. Björnsdóttir, msb@hi.is, sími 525 4254.

OSS202F Skipulag og stjórnun stofnana (6e) – Vor

Kennari: Eva Marín Hlynsdóttir, dósent

Fjallað er um helstu kenningar um skipulagsheildir (organizational theory) og atferli innan skipulagsheilda (organizational behavior). Áhersla er á skipulag og stjórnun opinberra stofnana og fyrirtækja. Markmið áfangans er að veita nemendum innsýn í fræðilega umfjöllun um viðfangsefnið ásamt hagnýtingu tiltekinnar stjórnunaraðferða.

Frjálst val (6e) Nemendur velja eitt eftirfarandi námskeiða

OSS102F Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e) – Haust

Umsjón: Eva Marín Hlynsdóttir, dósent

Fjallað er um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera. Farið er yfir lög og reglur sem gilda um réttarsamband opinberra starfsmanna við vinnuveitendur, samskipti á vinnumarkaði og uppbyggingu launakerfis opinberra starfsmanna. Rætt er um helstu tæki og tól við mannauðsstjórnun svo sem mannauðskerfi, aðferðir við val á starfsmönnum, notkun starfs- og árangursmats, starfsmannasamtöl og mótun og eftirfylgni með starfsmannastefnum. Fjallað verður um sálfræðilega samninginn, ýmis vandamál sem upp geta komið á vinnustað og vinnuvernd og öryggismál.

VIÐ183F Þekkingarstjórnun (7,5e) – Haust

Umsjón: Ásta Dís Óladóttir lektor

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á mikilvægi þekkingarstjórnunar og þekkingarfyrirtækja. Áherslan í námskeiðinu haustið 2019 er á þekkingarstjórnun og opin vinnurými. Tilgangur þeirra er fyrst og fremst að auka samskipti og samvinnu á milli starfsmanna og ýta undir þekkingarmiðlun og teymisvinnu. Fjallað um kenningar og rannsóknir sem snúa að opnum vinnurýmum (verkefnamiðuðum vinnustöðum), kostum þeirra og göllum og reynt að greina hvernig hægt er að beita markvissri þekkingarstjórnun í atvinnulífinu. Farið yfir mótun ferla og skipulags til að afla nýrrar þekkingar, skráningu hennar og miðlun innan skipulagsheilda og hvernig nýta má þekkingu til að auka árangur. Enn fremur um netöryggi í tengslum við þekkingarstjórnun og áhrif samfélagsmiðla á vinnustaðinn.

OSS220F Stefnumbreytingar, nýsköpun og tengslanet í opinberri stjórnsýslu: Helstu kenningar (6e) – Vor

Kennari: Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent

Í námskeiðinu eru kynntar tvö konar kenningar í opinberri stefnumótun og þeim beitt á raunveruleg verkefni hins opinbera. 1. Kenningar sem skýra stefnumbreytingar og meiriháttar breytingar í málefnum hins opinbera, þ.e. svokallaðar dagskrárkenningar eða "agenda-setting theories". 2. Kenningar um tengslanet og stýringu tengslaneta í opinberum stjórnkerfum, þeirri nýsköpun innan opinberrar stjórnsýslu sem nú er að koma fram í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa fyrir áhrif og tilverknad innleiðingar á hugmyndum sem kenndar eru við nýsköpun í ríkisrekstri. Og hvernig þær kenningar tengjast kenningunni um umboðskeðjuna og lýðræðislega ábyrgð, og hinum ýmsu stjórnækjum hins opinbera. Áhersla er á stefnumótunarferli hins opinbera, (The Public Policy Process), þátttakendur í ferlinu (The Policy Actors) og því samhengi sem stefnumótun og ákvarðanatöku í opinberri stjórnsýslu gerist í (The Policy Context) og hvernig lýðræðislegri ábyrgð (Democratic accountability) er háttáð og komið fyrir í stefnumótun og framkvæmd hin opinbera. Námskeiðið er fjarnámskeið m. einni staðlotu um miðbik þess.

HJÚ149F Nýting gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu (6e) – Haust

Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen, prófessor

Í námskeiðinu er lögð áhersla á gagnreynda starfshætti og nýtingu gagna og upplýsinga í klínískri ákvarðanatöku. Leitast er við að taka fyrir hagnýt viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi í nútíð og framtíð og þannig efla fræðilega og hagnýta hæfni nemandans. Unnið er með raunveruleg gögn.

„Námið var skemmtilegt, fyrirlesararnir voru undantekningarlaust vel undirbúnir og áhugasamir um að koma efni fyrirlestra á framfæri. Í umræðum var áhugavert að heyra þælingar samnemenda og sjá önnur sjónarhorn en maður hafði sjálfur. Hópaverkefni voru krefjandi og gefandi og gáfu tækifæri á að kafa dýpra í mál sem ég hafði áhuga á. Ég mæli sérstaklega með skyldunámskeiðunum *opinber stjórnsýsla* og *stjórnsýsluréttur* og kennurum þeirra. Mjög fræðandi og upplýsandi námskeið sem ég get mælt með fyrir stjórnendur í opinberum rekstri og jafnframt alla opinbera starfsmenn. Valnámskeiðin voru mjög áhugaverð og tengdust flest beint mínu daglega starfi. Ekki hægt að hafa það betra!“



Sveinbjörn Högnason, viðskiptafræðingur hjá Lyfjagreiðslunefnd. Lauk diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu 2011.

Frjálst val (6e)

LÝÐ101F Lýðheilsa: Vísindi, stjórnmal, forvarnir (6e) – Haust

Umsjónarkennari: Arna Hauksdóttir, prófessor

Í námskeiðinu er farið yfir skilgreiningar, sögu, markmið, gildissvið, siðferði og aðferðir lýðheilsu og lýðheilsuvísinda svo og íslensk- og alþjóðleg lög og sáttmála sem tengjast lýðheilsu. Nokkur áhersla er lögð á lýðheilsu og heilbrigðisvísa í alþjóðlegu samhengi en einnig á íslenska heilbrigðiskerfið, stjórnun og fjármögnun þess svo og samanburð við heilbrigðiskerfi annara þjóða. Ennfremur er farið yfir söfnun heilbrigðisupplýsinga á Íslandi sem á alþjóðavísu og nýtingu þeirra til rannsókna og stefnumótunar í heilbrigðismálum.

OSS223F Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri - hlutverk stjórnenda (6e) – Vor

Kennari: Guðrún Ragnarsdóttir, stundakennari

Að taka forystu fyrir breytingum er í vaxandi mæli þáttur í störfum stjórnenda hins opinbera. Umhverfi og innra starf opinberra stofnana hefur breyst umtalsvert á undanförunum tíu til fimmtán árum og þar með hlutverk þeirra er þar stjórna. Breytingar á verkefnum, auknar kröfur um árangur, hagkvæmni, upptaka nýrra stjórnunaraðferða, bætt tengsl við borgarana og aukin áhrif þeirra á starfsemi hins opinbera og fleira gera nýjar kröfur til starfshatta stjórnenda í opinberum stofnunum. Þeir verða í vaxandi mæli að vera í forystu breytinga innan stofnana, talsmenn gagnvart fjölmiðlum og hagsmunahópum. Þessi krafa nær til æðstu stjórnenda, og að miklu leyti til millistjórnenda. Þessu námskeiði er ætlað að búa nemendur undir þennan þátt í þeirra framtíðarstörfum, ásamt því að fjalla um leiðir til þess að komast í forystustörf innan stofnana, halda þeim og takast á við atök sem oftast fylgja forystuhlutverki.



Einnig í boði og hægt að taka í fjarnámi: Diplómanám í opinberri stjórnáslu

Stjórnáslufræðideild býður m.a. í fjarnámi 30 eininga Diplómanám í opinberri stjórnáslu. Skyldunámskeið eru tvö OSS111F opinber stjórnásla og OSS204F Stjórnásluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana. Að auki velja nemendur þrjú námskeið úr öðrum námskeiðum deildarinnar í opinberri stjórnáslu.

Sjá má lýsingu á einstökum námskeiðum Diplómanámsins, bæði skyldu- og mögulegum valnámskeiðum á bls. 17–25 í Framhaldsnámsbæklingi Stjórnáslufræðideildar: https://www.hi.is/sites/default/files/thbg/framhaldsbaekl_2019-20.pdf

Breytingar frá 2019-2020 má sjá á þessum hlekk í kennsluskrá: <https://bit.ly/2x1DI10>



FRAMHALDSNÁM Í STJÓRNÁSLAFRÆÐIDEILD

Hagnýtt nám í gefandi og spennandi umhverfi

MA-, MPA- og diplómanám:

- Alþjóðasamskipti
- Smárikjafraeði - Evrópa
- Opinber stjórnásla
- Kynjafraeði og margbreytileiki
- Hagnýtt jafnréttisfræði
- Stjórnáslufræði
- Vestnorræn fræði
- Fjölmiðla- og boðskiptafræði
- Blaða- og fréttamennska



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
STJÓRNÁSLAFRÆÐIDEILD

Upplýsingar:

Umsóknarfrestur um diplómanámið fyrir þá sem vilja hefja nám á haustmisseri er til 5. júní og 30. nóvember fyrir þá sem vilja hefja nám um áramót.

Umsóknir eru rafrænar í gegnum vef Háskóla Íslands. Umsóknareyðublað og upplýsingar um umsóknarferilinn má finna á: http://www.hi.is/adalvefur/umsokn_um_nam

Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um námið veita:

Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri s. 525 4573,
netfang: elva@hi.is

Margrét S. Björnsdóttir, verkefnisstjóri, s. 525 4254,
netfang: msb@hi.is

Nemendapjónusta Félagsvísindasviðs er á jarðhæð í Gimli milli Odda og Háskólatorgs. Þjónustan er opin virka daga 9:00–15:00. Símanúmer er 525 4500.

Kennsluskrá með nánari upplýsingum er að finna á heimasíðu Stjórn málafræðideildar: www.stjornmal.hi.is

Útgáfa: 2020-2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD